**153. löggjafarþing 2022–2023.**
**Þingskjal 306 — 301. mál.**

# Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um vistráðningu (au pair).**

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hyggst ráðherra skoða útvíkkun dvalarleyfis vegna vistráðningar (au pair) frá ríkjum utan EES-svæðisins þannig að heimilt verði að endurnýja leyfið eftir eitt ár?
2. Telur ráðherra þörf á að betrumbæta eftirlit með vistráðningu hérlendis til að koma í veg fyrir misbeitingu kerfisins? Ef svo er, hvernig yrði slíku eftirliti háttað?

**Skriflegt svar óskast.**